

Ed.

165. L Ö G

um að landsstjórninni veitist heimild til að greiða styrk úr landssjóði til viðgerðar á sjógarðinum fyrir Einarshafnarlandi og Óseyrarness í Árnessýslu.

(Afgreidd frá Ed. 12. janúar).

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að greiða úr landssjóði allt að 7000 krónum til þess að gera við sjógarðinn fyrir landi jarðanna Einarshafnar og Óseyrarness í Árnessýslu, enda verði helmingur kostnaðar af verkinu greiddur annars staðar að og skal verkið framkvæmt undir eftirliti landsstjórnarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.